

# Alþjóðleg ráðstefna um líforku

föstudagur, 14 ágúst 2009

## Alþjóðleg ráðstefna um líforku

Haldin verður alþjóðleg ráðstefna um líforku, PELLETTime symposium, dagana 18. - 20. ágúst nk. í íþróttahúsinu á Hallormsstað á Fljótsdalshéraði.

Ráðstefnan er hluti af PELLETTimeverkefninu sem Héraðs-og Austurlandsskógar ásamt Skógrækt ríkisins á Austurlandi taka þátt í á vegum Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins (NPP). Auk þessara aðila á Íslandi taka stofnanir í Skotlandi, Svíþjóð og Finnlandi þátt, Finnar leiða verkefnið.

Ráðstefnan fjallar um líforku, timbur og skyld efni og hvernig við getum nýtt okkar náttúruauðlindir á ábyrgan hátt. Ráðstefnan mun fara fram á ensku, en fyrirlesarar eru m.a. frá Íslandi, Noregi, Skotlandi, Finnlandi og Svíþjóð.

Ráðstefnan hefst á hádegi þann 18. ágúst. Ráðstefnugjöld eru kr. 5.000 og innifalið í því er ráðstefnan, tveir kvöldverðir og skoðunarferð þann 20. ágúst.

Nemar greiða engin ráðstefnugjöld.

Óskað er eftir að skráningar berist á netfangið; [skogar@heradsskogar.is](mailto:skogar@heradsskogar.is)

Væntanlegum þátttakendum er bent á gistimöguleika á Hallormsstað sem finna má á slóðinni:

<http://www.graihundurinn.is/> sími: 471-2400